

um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 262 2. desember 1950 fyrir vatnsveitu í Hofsóshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMPYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Eftirtaldir eignir Kaupfélags Ísfirðinga:
Lóð nr. 8 við Aðalstræti (norðurhluti).
Hús og lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Hús og lóð nr. 12 við Aðalstræti (norðurhluti).
Við Sundstræti: Fiskreitir, sláturhús, Ísafoldarþúð, geymsluhús og hjallur, oliustöð Oliufél. hf. og K. Í., „Hvíta pakkhús“ og lóð, Wardslóð. Bryggjuhús og bryggja við Aðalstræti.
2. Lóð og húseign Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
3. Lóð og aðrar fasteignir nr. 9 við Aðalstræti, eign hf. Munins.
4. Lóð nr. 11 við Aðalstræti, eign Knattspyrnufél. Vestri.
5. Lóð nr. 12 við Aðalstræti, eign Kristjáns Kristjánssonar (suðurhluti).
6. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar og Hinriks Guðmundssonar.
7. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eign Valdimars Veturliðasonar, Ellerts Eiríkssonar, Guðmundar Gíslasonar og Harald Aspelund.
8. Húseign nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson og Ásgeirs Sigurðssonar.
9. Húseign nr. 21 við Aðalstræti, eign Gests Loftssonar.
10. Húseign nr. 25 við Aðalstræti, eign Magnúsar Eliassonar og Ágústs Péturssonar, Marselíusar Bernharðssonar og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.
11. Húseign og lóð nr. 10 við Brunngötu, eign Ólafs Gunnarssonar og Guðbjarts Ásgeirssonar o. fl.
12. Húseign og lóð nr. 12 við Brunngötu, eign Jóhannesar Bjarnasonar.
13. Húseign og lóð nr. 12A við Brunngötu, eign Arinbjörns Guðnasonar.
14. Húseign og lóð nr. 12B við Brunngötu, eign Júlíusar Geirmundssonar, dbú.
15. Húseign og lóð nr. 12E við Brunngötu, eign Magnúsar Árnasonar.
16. Húseign og lóð nr. 14 við Brunngötu, eigns Björns Guðmundssonar.
17. Húseign og lóð nr. 16 við Brunngötu, eign E. O. Kristjánssonar, dbú.
18. Húseign og lóð nr. 14 við Fjarðarstræti, eign Eggerts Halldórssonar o. fl.
19. Húseign og lóð nr. 18 við Fjarðarstræti, eign Agnars Guðmundssonar og Ágústs Einarssonar.

20. Húseign og lóð nr. 32 við Fjarðarstræti, eign Hermanns Sigurðssonar og Elí Ingvarssonar.
21. Húseign og lóð nr. 33 við Fjarðarstræti, eign Guðmundar E. Guðmundssonar.
22. Húseign og lóð nr. 35 við Fjarðarstræti, eign Leifs Jónassonar.
23. Húseign og lóð nr. 38 við Fjarðarstræti, eign Alberts Jónssonar og Guðmundar B. Oddssonar o. fl.
24. Húseign og lóð nr. 39 við Fjarðarstræti, eign Aðalsteins Sigurðssonar og Benedikts Sigurbjörnssonar.
25. Húseign og lóð nr. 47 við Fjarðarstræti, eign Baldvins Jónssonar.
26. Húseign nr. 51 við Fjarðarstræti, eign Guðbrands Kristinssonar o. fl.
27. Húseign og lóð nr. 1 við Hafnarstræti, eign Elíasar J. Pálssonar.
28. Lóð nr. 3 við Hafnarstræti, eign Guðmundar Kjartanssonar.
29. Húseign nr. 5 við Hafnarstræti, eign Ágústs Leóssonar.
30. Húseign nr. 9 við Hafnarstræti, eign Neista hf., sölubúð og verkstæði. (Lóðin eign hafnarsjóðs).
31. Lóð nr. 11 við Hafnarstræti, eign Arngríms Fr. Bjarnasonar, Jónasar Magnússonar og Vilbergs Vilbergssonar.
32. Húseign og lóð nr. 17 við Hafnarstræti, eign Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Eiríkssonar.
33. Húseign og lóð nr. 33 við Hafnarstræti, eign Jóns B. Jónssonar og Hjartar Einarssonar.
34. Húseign og lóð nr. 1 við Hnífsdalsveg, eign Sigurðar Jónassonar.
35. Húseign og lóð nr. 3 við Hnífsdalsveg, eign Magnfreðs Jónassonar og Halldórs Benediktssonar.
36. Húseign og lóð nr. 5 við Hnífsdalsveg, eign Jóhanns S. H. Guðmundssonar.
37. Húseign og lóð nr. 8 við Hnífsdalsveg, eign Jóns Jóhannessonar o. fl.
38. Húseign og lóð nr. 10 við Hnífsdalsveg, eign Jens Markússonar.
39. Húseign og lóð nr. 12 við Hnífsdalsveg, eign Kristjáns G. Sigurðssonar.
40. Lóð nr. 9 við Hrannargötu, eign Hrólfis Þórarinssonar (norðurhluti).
41. Lóð nr. 1 við Krók, eign Lúðvíks Kjartanssonar.
42. Lóð nr. 9 við Mjallargötu, eign Jóns Helgasonar.
43. Lóð nr. 2 við Silfurgötu, eign Péturs Bjarnasonar.
44. Lóð nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Í. Magnússonar, dbú.
45. Lóð nr. 6 við Silfurgötu, eign Verzl. Dagsbrún og Karvels Olgeirssonar.
46. Lóð nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar, dbú.
47. Lóð nr. 8A við Silfurgötu, eign Sigtryggs Jörundssonar.
48. Lóð nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur, dbú.
49. Lóð nr. 12A við Silfurgötu, eign Stefáns Þorbjörnssonar.
50. Lóð við Silfurtorg, eign Jóns Í. Magnússonar, dbú.
51. Lóð nr. 7 við Skipagötu, eign Finnbjörns Hermannssonar, dbú.
52. Húseign og lóð nr. 12 við Skipagötu, eign Egils Kr. Jónssonar.
53. Lóð nr. 14 við Skipagötu, eign Önnu Óladóttur o. fl.
54. Húseign og lóð nr. 1 við Smiðjugötu, eign Arnórs Magnússonar og Össurs Valdimarssonar.
55. Húseign og lóð nr. 1A við Smiðjugötu, eign Jens Einarssonar.
56. Húseign og lóð nr. 2 við Smiðjugötu, eign Hannesar Halldórssonar.
57. Húseign og lóð nr. 4 við Smiðjugötu, eign Magnúsar Árnasonar.
58. Húseign og lóð nr. 5 við Smiðjugötu, eign Tónlistarfél. Ísafjarðar.
59. Húseign og lóð nr. 6 við Smiðjugötu, eign Magnúsar Ó. Jóhannssonar.
60. Húseign nr. 6A við Smiðjugötu, eign Jóhanns Magnússonar.
61. Húseign og lóð nr. 7 við Smiðjugötu, eign Kristins Grímssonar.

62. Húseign og lóð nr. 8 við Smiðjugötu, eign Árna Magnússonar, Gunnars Ásgeirssonar og Ól. Ólafssonar.
63. Húseign og lóð nr. 9 við Smiðjugötu, eign Sigurðar J. Jóhannssonar og Hermanns Hálfðánssonar.
64. Húseign og lóð nr. 10 við Smiðjugötu, eign Guðmundar Björnssonar.
65. Húseign og lóð nr. 11 við Smiðjugötu, eign Bergmanns Þormóðssonar.
66. Húseign og lóð nr. 11A við Smiðjugötu, eign Odds Friðrikssonar.
67. Húseign og lóð nr. 12 við Smiðjugötu, eign Daníels Jónssonar. dbú, og Kristmundar Gíslasonar.
68. Húseign og lóð nr. 13 við Smiðjugötu, eign Guðbjarts Jónssonar.
69. Lóð nr. 11 við Sundstræti, eign Steinunnar Gestsdóttur.
70. Lóð nr. 13 við Sundstræti, eign Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar.
71. Lóð nr. 15 við Sundstræti, eign Ágústs Péturssonar.
72. Lóð Ágústs Péturssonar, undir svonefndum Árna-Hjalli við Sundstræti, Sundamegin.
73. Húseignir Ágústs Péturssonar allar, sláturhús o. fl., Sundamegin við Sundstræti (með fyrirvara kaupstaðarins, að því er varðar lóðarréttindi).
74. Ásgeirshjallur, svonefndur, á Dokkulóð við Sundin, eign Margrétar Reinaldsdóttur og Odds Örnólfssonar, (með fyrirvara kaupstaðarins, að því er varðar lóðarréttindi).
75. Lóð nr. 17 við Sundstræti, eign Sigurgeirs Sigurðssonar.
76. Lóð nr. 21 við Sundstræti, eign Gísla H. Guðmundssonar.
77. Lóð nr. 23 við Sundstræti, eign Jakobs Falssonar o. fl.
78. Lóð nr. 25 við Sundstræti, eign Einars Jólssonar.
79. Lóð nr. 25 við Sundstræti, eign Rögnvaldar Guðjónssonar o. fl.
80. Lóð nr. 27 við Sundstræti, eign Ól. Rósinkarssonar, L. Halldórssonar og Þorsteins Einarssonar o. fl.
81. Lóð nr. 27 við Sundstræti, eign Guðmundar Sigurðssonar og Guðmundar Guðmundssonar.
82. Lóð nr. 29 við Sundstræti, eign Bjarna Guðmundssonar o. fl.
83. Lóð nr. 31 við Sundstræti, eign Hermanns Jakobssonar og Ragnars Áka Jónssonar.
84. Lóð nr. 37 við Sundstræti, eign Hallfríðar Halldórsdóttur.
85. Norurtanginn hf., lóðir og bryggja.
86. Lóð milli Sundstrætis og Skipagötu, eign Margrétar Reinaldsdóttur.
87. Lóð nr. 4 við Tangagötu, eign Halldórs M. Halldórssonar.
88. Húseign og lóð nr. 6 við Tangagötu, eign Stefáns J. Richter.
89. Húseign nr. 6 A við Tangagötu, eign Gunnlaugs Guðmundssonar.
90. Húseign og lóð nr. 8 við Tangagötu, eign Baldvins Þórðarsonar.
91. Húseign og lóð nr. 8A við Tangagötu, eign Guðna Bjarnasonar, dbú, og Torfa Jóhannessonar.
92. Húseign og lóð nr. 10 við Tangagötu, eign Guðmundar Guðmundssonar.
93. Húseign og lóð nr. 10 við Tangagötu, eign Ólafs Ólafssonar, dbú, og Steins Guðmundssonar.
94. Húseign og lóð nr. 17 við Tangagötu, eign Sigurlaugs Sigurlaugssonar og Valdimars Þorbergssonar.
95. Húseign og lóð nr. 22 við Tangagötu, eign Maríasar Kristjánssonar.
96. Lóð hf. Fiskimjöl, Torfnesi.
97. Húseign og lóð nr. 3 við Þvergötu, eign Jóns Jónssonar, dbú.
98. Húseign og lóð nr. 4 við Þvergötu, eign Páls Sigurðssonar og Ívars Hjartarsonar.
99. Húseign og lóð nr. 5 við Þvergötu, eign Ásbergs Kristjánssonar.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá og með dagsetningardegi hennar að telja og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

H A F N A R R E G L U G E R Þ

fyrir Grundarfjörð.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grundarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Spjararsnoppu, austan fjarðarins, beint í Flangasker og þaðan aftur í beina stefnu í svokallaðan Hamar, vestan við bæinn Krossness á vesturströnd fjarðarins. Að öðru leyti takmarkast höfnin af strandlínu milli þessara sömu staða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir umsjón samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þó þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

4. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Hafnarvörður annast, í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu.